

## Skilyrði vegna innflutnings á fóðri sem inniheldur hey eða grasköggla

Innflutningur á heyi og hálmum er óheimill skv. lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þó er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Matvælastofnun krefst því eftirfarandi vottorða og staðfestinga vegna innflutnings á fóðri sem inniheldur hey eða gras.

### Staðfesting framleiðanda á hitameðhöndlun

1. Lýsing á vinnsluferlum og
2. Útskrift úr síritum eða gæðaúttekt á vinnsluferlum

### Vottorð frá dýralæknayfirvöldum í viðkomandi landi sem staðfestir eftirfarandi:

1. Á síðustu 12 mánuðum hefur hvorki gin- og klaufaveiki né rinderpest komið upp á svæðinu né hefur verið bólusett gegn þeim sjúkdómum.
2. Túnin eru talin laus við garnaveiki (*M. paratuberculosis*), riðu, kúariðu og önnur smitefni hættuleg búfénaði.
3. Engar takmarkanir hafa verið vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma á svæðinu í 10 km radíus umhverfis viðkomandi tún á síðustu 12 mánuðum. <

*Vottorðs frá dýralæknayfirvöldum er ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri.*

### Staðfesting framleiðanda varðandi ræktunartún

1. Dýrum hefur ekki verið beitt á túnin síðustu 5 ár.
2. Áburður með dýraúrgangi hefur ekki verið notaður túnin síðustu 5 ár.

*Staðfestingar framleiðanda varðandi ræktunartún er ekki krafist vegna innflutnings á gæludýrafóðri.*